

177 símtöðvanna í Reykjavíkumdæmi, nema þeirra, er heyra undir bæjarsímann í 10. okt. Reykjavík.

Póst- og símamálastjóri ákveður nánar um verkskiptingu þessara deilda.

3. gr.

5. grein falli burtu.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1961.

Póst- og símamálaráðherrann, 10. október 1960.

Ingólfur Jónsson.

G. Briem.

178

12. okt.

AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattanefndar.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanefndar út af tekju- og eignarskatti, álögðum utan Reykjavíkur, vera til 31. október 1960.

Kærufrestur fyrir Reykjavík verður auglýstur síðar.

Fjármálaráðuneytið, 12. október 1960.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzzson.

Jón Skaftason.

179

1. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um tekju- og eignarskatt nr. 147 30. des. 1955.

1. gr.

Í stað orðanna í 4. mgr. A-lið 28. gr.:

„Hótelinnbú annað en borðbúnaður 5%“ komi: Hótelinnbú annað en borðbúnaður 10%.

Aftan við 4. mgr. A-lið 28. gr. komi ný grein, þannig:

Gistihús meðan á starfstíma stendur (af kostnaðarverði) 4%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um tekju- og eignarskatt nr. 46 frá 1954 og kemur til framkvæmda við skattálagningu fyrir árið 1960.

Fjármálaráðuneytið, 1. ágúst 1960.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzzson.